

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við undirritun  
samnings um byggingu húss Heilbrigðisvísindasviðs. Haldið 5. apríl 2022 kl. 15**

Þetta er merkisdagur í sögu Háskóla Íslands því hér á eftir verður skrifað undir samning við ráðgjafahóp undir forystu verkfræðistofunnar Verkís um fullnaðarhönnun á nýju og glæsilegu framtíðarhúsnæði Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Ráðgjafahópin skipa, auk Verkís hf., John Cooper Architecture og TBL arkitektar sem samanstanda af fyrirtækjunum T.ark arkitektum ehf., Batteríinu sf. og Landslagi ehf. Samningurinn er gerður á grundvelli niðurstöðu lokaðs útboðs sem var tvíþætt, í fyrsta lagi matstillaga og í öðru lagi kostnaðartilboð.

Ég vil þakka Nýja spítalanum ohf., NLSH, Gunnari Svavarssyni, framkvæmdastjóra og öllu hans fólki fyrir frábært samstarf, en fyrir rúmu ári var gerður samningur á milli NLSH og Háskóla Íslands um samstarf um áætlunargerð fyrir nýbyggingu Heilbrigðisvísindasviðs hjá Læknagarði og undirbúning vegna tilheyrandi endurbóta á Læknagarði og mögulega Eirbergi. Sá samningur var heillaskref fyrir Háskóla Íslands.

Markmið verkefnisins nú er að starfsemi Heilbrigðisvísindasviðs verði að verulegu leyti komið fyrir á einum stað, nánar tiltekið á lóð Landspítala Háskólasjúkrahúss, Hringbrautarreitnum sem svo er kallaður. Starfsemi Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands er nú mjög dreifð um Reykjavík, þ.e. frá Hofsvallagötu upp í Vínlandsleið. Hefur verið unnið að því í meira en áratug að sviðið sameinist sem mest á einum stað. Reist verður um 8.500 m<sup>2</sup> nýbygging í beinni tengingu við Læknagarð auk þess sem hann verður endurgerður. Samtals verður nýja húsnæðið því um 18.000 m<sup>2</sup>. Húsnæðið verður sérhannað miðað við þarfir Heilbrigðisvísindasviðs – kennslu- og rannsóknastaða verður bætt og færð í nútímalegt horf, og margvísleg samnýting og sveigjanleiki verður aukinn til muna.

Eirberg verður nýtt áfram á meðan þörf er á, m.a. undir kennslu, skrifstofur, færnibúðir og nemendaaðstöðu.

Byrjað verður á nýbyggingunni og verður hún tekin í notkun áður en hafist verður handa við endurgerð Læknagarðs. Er þetta gert til að tryggja samfellu í starfi Heilbrigðisvísindasviðs. Áætlað er að framkvæmdir geti hafist í byrjun næsta árs og að nýja byggingin verði tilbúin til notkunar um mitt ár 2025. Áætlað er að endurbótum á Læknagarði ljúki í árslok 2027.

Landspítalinn er stærsti og mikilvægasti samstarfsaðili Háskóla Íslands og mun samstarfið á sviði kennslu, rannsókna, nýsköpunar og samfélagsþátttöku, aukast enn frekar á næstu árum með tilkomu uppbyggingarinnar sem er framundan. Nemendur og starfsmenn munu vinna náið saman á báðum stofnunum og möguleikar til símenntunar og þverfræðileika eflast til muna.

Góðir gestir. Háskóli Íslands hefur lagt mikla áherslu á þetta verkefni og til marks um það má nefna að hagnaði af rekstri Happraættis Háskóla Íslands í yfir 10 ár hefur verið og verður áfram varið í þetta verkefni.

Segja má að nú standi yfir eitthvert mesta uppbyggingarskeið í 110 ára sögu Háskóla Íslands. Hús íslenskunnar opnar á næsta ári vestan Suðurgötu, Menntavísindasvið flytur frá Stakkahlíð í Sögu á næstu tveimur árum og unnið er að nýju heildarskipulagi og samgönguáætlun fyrir háskólasvæðið sem gerir m.a. ráð fyrir virkum tengingum við Landspítalaskvæðið. Fjárfesting í menntun og þekkingarsköpun er fjárfesting í framtíðinni og því markar undirritun þessa samnings hér á eftir ekki aðeins stórt skref fyrir okkur öll heldur í raun fyrir þjóðina alla.

Ég óska okkur öllum til hamingju með áfangann og daginn.